

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 4/2012

2012/EES/34/04

frá 10. febrúar 2012

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2011 frá 1. júlí 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/180/ESB frá 23. mars 2011 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 2002/55/EB að því er varðar skilyrði fyrir því að veita leyfi til að setja á markað litlar pakkningar með blöndum af stöðluðu fræi af mismunandi grænmetisyrkjum sem tilheyra sömu tegund ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði plantna. Löggjöf um heilbrigði plantna skal ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins eins og tilgreint er í ákvæðum til aðlögunar að EES-samningnum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 56. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/468/ESB) í 2. hluta III. kafla I. viðauka við samninginn:

„57 **32011 D 0180**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/180/ESB frá 23. mars 2011 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 2002/55/EB að því er varðar skilyrði fyrir því að veita leyfi til að setja á markað litlar pakkningar með blöndum af stöðluðu fræi af mismunandi grænmetisyrkjum sem tilheyra sömu tegund (Stjtið. ESB L 78, 24.3.2011, bls. 55).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2011/180/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. febrúar 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 262, 6.10.2011, bls. 19, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 54, 6.10.2011, bls. 25.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 78, 24.3.2011, bls. 55.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.